
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 31. mars 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fjarskipti hf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptáþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2017 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Í mars undirrituðu Fjarskipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup Fjarskipta á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins. Hinar keyptu eignir eru meðal annars fjarskipta, sjónvarps- og útvarpsrekstur 365 miðla auk vefmiðilsins Vísis. Kaupin eru með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum annarra eftirlitsaðila og fer afhending fram eftir að samþykki liggur fyrir. Í febrúar tóku Vodafone og UN Women höndum saman í baráttunni gegn ofbeldi, en Vodafone er stoltur styrktaraðili UN Women á Íslandi og studdi við bakið á FOKK OFBELDI herferð þeirra. Á fjórðungnum settu Huawei og Vodafone á Íslandi af stað tilraunaverkefni í svokallaðri „Narrowband Internet of Things“ (NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í tækjanetsbyltingunni á næstu árum. Fjarskipti hf., hlaut viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð en það er Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem veitir viðurkenninguna, ennfremur staðfesti Creditinfo í janúar að Fjarskipti hf. væru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2016.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 3.141 millj. kr. (3.295 millj. kr. 1.1 til 31.3.2016). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 201 millj. kr. (198 millj. kr. 1.1 til 31.3.2016). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 14.983 millj. kr. (14.686 millj. kr. 31.12.2016). Eigið fé samstæðunnar þann 31. mars 2017 nam 7.203 millj. kr. (6.987 millj. kr. 31.12.2016). Þar af nam hlutafé 2.640 millj. kr. (2.640 millj. kr. 31.12.2016). Eiginfjárlutfallið 31. mars 2017 var 48,1% (47,6,% 31.12.2016).

Á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til; markmiða fjárstýringastefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingarþarfar félagsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2017 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2017.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. maí 2017

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dunga
Hjörleifur Pálsson
Yngvi Halldórsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2017 1F	2016 1F	2016	2015
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.141	3.295	13.655	13.724
Rekstrarhagnaður	342	324	1.632	1.931
Hagnaður fyrir tekjuskatt	251	247	1.280	1.604
Hagnaður tímabilsins	201	198	1.007	1.287
Hagnaður á hlut	0,80	0,70	3,50	3,90
Fjárfestingar	324	259	1.539	1.560
Handbært fé frá rekstri	190	573	3.028	2.853
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	719	668	3.040	3.237
EBITDA hlutfall	22,9%	20,3%	22,3%	23,6%
Frjálst fjárflæði (FCF)*	(34)	388	1.936	1.673
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.480	6.210	5.347	3.923
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA *	1,8 **	1,9 **	1,8	1,2

* Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. mars 2017

	Skýr.	2017 1F	2016 1F
Seldar vörur og þjónusta	7	3.141	3.295
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8	(1.707)	(1.754)
Framlegð		1.434	1.541
Rekstrarkostnaður	9	(1.092)	(1.217)
Rekstrarhagnaður		342	324
Fjármunatekjur		11	11
Fjármagnsgjöld		(102)	(88)
Hrein fjármagnsgjöld		(91)	(77)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		251	247
Tekjuskattur		(50)	(49)
Hagnaður tímabilsins		201	198
Hagnaður á hlut		0,80	0,70
Þynntur hagnaður á hlut		0,80	0,70

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2017

	2017 1F	2016 1F
Hagnaður tímabilsins	201	198
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	7	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	208	194

Efnahagsreikningur

31. mars 2017

	Skýr.	31.3.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		4.427	4.478
Óefnislegar eignir		7.233	7.228
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum		10	9
Fastafjármunir samtals		11.670	11.715
Veltufjármunir			
Birgðir		276	272
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	2.763	2.331
Handbært fé		274	368
Veltufjármunir samtals		3.313	2.971
Eignir samtals		14.983	14.686
Eigið fé			
Hlutfé		2.640	2.640
Yfirverðsreikningur hlutfjár		678	678
Annað eigið fé		17	2
Óráðstafað eigið fé		3.868	3.667
Eigið fé		7.203	6.987
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		5.236	5.284
Tekjuskattsskuldbinding		154	103
Langtímaskuldir samtals		5.390	5.387
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		518	431
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.796	1.822
Fyrirframinnheimtar tekjur		76	59
Skammtímaskuldir samtals		2.390	2.312
Skuldir samtals		7.780	7.699
Eigið fé og skuldir samtals		14.983	14.686

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2017

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Annað eigið fé Bundinn reikningur	Áhættu- varnir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 31.3. 2016							
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	-	-	3.009	9.079
Eigin hlutir	(22)	-	-	-	-	(78)	(100)
Hlutafjálækkun	(545)	(1.955)	-	-	-	-	(2.500)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(4)	-	-	198	194
Eigið fé 31.3.2016	2.703	696	145	0	0	3.129	6.673
1.1. til 31.3. 2017							
Eigið fé 1.1.2017	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987
Áhættuvarnir	-	-	-	-	8	-	8
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	7	-	-	201	208
Eigið fé 31.3.2017	2.640	678	40	53	(76)	3.868	7.203

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2017

	Skýr.	2017 1F	2016 1F
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		201	198
Aðlögun vegna			
Afskriftir		377	344
Hrein fjármagnsgjöld		91	77
Tekjuskattur, breyting		50	49
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		719	668
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, breyting	(4)	(125)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	10	(432)	(48)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(9)	155
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		16	(3)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		290	647
Innborgaðar vaxtatekjur		11	11
Greidd vaxtagjöld	(111)	(85)
Handbært fé frá rekstri		190	573
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(223)	(188)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(101)	(71)
Fjárfestingarhreyfingar	(324)	(259)
Fjármögnunarhreyfingar			
Endurkaup á eigin hlutum		-	(100)
Afborganir langtímalána	(104)	(74)
Skammtímalán, breyting		145	-
Fjármögnunarhreyfingar		41	(174)
Breyting á handbæru fé	(93)	140
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1)	(1)
Handbært fé í byrjun tímabils		368	420
Handbært fé í lok tímabilsins		274	559

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 13a, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2016. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 2. maí 2017.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og foresendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Það er mat stjórnenda að bókfærð virði fjármálagerninga endurspegli gangvirði þeirra.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða er skilgreind og virk sem áhættuvörn er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamningin sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalddaga samningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningsskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti á þriðja ársfjórðungi 2016 afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Til viðbótar við þetta skjalaði félagið skilvirkni áhættuvarnarsambandsins.

b. Sjóðstreymisvarnir

Skilvirki hluti gangvirðisbreytinga á afleiðum sem standast kröfur um sjóðstreymisvarnir og eru skilgreindar sem slíkar er færður í yfirlit um aðra heildarafkomu með mótfærslu á áættuvarnir á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap vegna óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er færður í rekstrarreikning undir liðnum fjármagnsgjöld. Uppsöfnuð staða á eigin fé sem áður hefur verið færð um aðra heildarafkomu er endurflokkuð um rekstrarreikning þegar hagnaður eða tap vegna áhættuvarða liðarins er færður, uppsafnaða staða á eigin fé er færð í sömu línu rekstrarreiknings.

Skýringar, frh.:

6. Starfspáttayfirlit Rekstrarstarfspættir

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu eintaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2017								
Tekjur frá þriðja aðila	976	876	305	517	282	185	-	3.141
Innri tekjur	-	-	5	-	-	13	(18)	0
Tekjur samtals	976	876	310	517	282	198	(18)	3.141
<hr/>								
Óskipt rekstrargjöld								(2.422)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								719
Afskriftir								(377)
Hrein fjármagnsgjöld								(91)
Tekjuskattur								(50)
Hagnaður tímabilsins								201
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								7
Heildarafkoma tímabilsins								208
<hr/>								
Óskiptar eignir 31.3.2017								14.983
Óskiptar skuldir 31.3.2017								7.780
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2017 til 31.3.2017								324

Skýringar, frh.:

6. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.3.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	1.085	914	324	479	307	186	-	3.295
Innri tekjur	-	(1)	6	-	-	17	(22)	0
Tekjur samtals	1.085	913	330	479	307	203	(22)	3.295

Óskipt rekstrargjöld (2.627)

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) 668

Afskriftir (344)

Hrein fjármagnsgjöld (77)

Tekjuskattur (49)

Hagnaður tímabilsins 198

Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags (4)

Heildarafkoma tímabilsins 194

Óskiptar eignir 31.12.2016 14.686

Óskiptar skuldir 31.12.2016 7.699

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 31.3.2016 259

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 31.3.2017	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.841	300	3.141
EBITDA á tímabilinu	693	26	719
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	14.131	852	14.983
Fjárfestingar tímabilsins	310	14	324

1.1. til 31.3.2016

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	2.919	376	3.295
EBITDA á tímabilinu	605	63	668
Eignir starfspáttá 31.12.2016	13.801	885	14.686
Fjárfestingar tímabilsins	239	20	259

Skýringar, frh.:

7. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2017 1F	2016 1F
Vörusala	282	307
Seld þjónusta	2.859	2.988
Seldar vörur og þjónusta samtals	3.141	3.295

8. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2017 1F	2016 1F
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	1.276	1.319
Laun og launatengd gjöld	180	198
Afskriftir	251	236
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	1.707	1.754

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2017 1F	2016 1F
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	255	306
Sölu- og markaðskostnaður	84	89
Laun og launatengd gjöld	627	714
Afskriftir	126	108
Rekstrarkostnaður samtals	1.092	1.217

10. Viðskiptakröfur

Á fjórða ársfjórðungi 2016 gerði félagið breytingar á greiðslufresti viðskiptakrafna þar sem gjalddagi og eindagi voru sameinaðir og færðir fram um 15 daga. Breytingunni var ætlað að einfalda ferlið við innheimtu viðskiptakrafna en nokkuð langur tími var á milli notkunartímabils og eindaga. Tekin var ákvörðun um að breyta greiðslufresti aftur til fyrra horfs eftir ábendingar frá viðskiptavinum félagsins. Umrædd breyting hefur ekki haft áhrif á vanskil viðskiptakrafna hjá félaginu, en hefur áhrif á stöðu viðskiptakrafna á milli tímabila og á frjálst fjárflæði.

Skýringar, frh.:

11. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Fjarskipti hf. gegn IP fjarskiptum ehf. (nú 365 miðlum hf.)

Félagið hefur höfðaði dómsmál gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.) til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 millj. kr, auk dráttarvaxa

Í tengslum við sama ágreining höfðuðu 365 miðlar hf. mál gegn félaginu til riftunar á nánar tilteknum fjarskiptasamningum og viðurkenningar á skaðabótakröfu vegna meintrar ólögmætrar riftunar. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Fjarskipti hf. en 365 miðlar hf. hafa áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar.

Félagin hafa nú náð samkomulagi um að fella bæði ofangreind mál niður þannig að hvor aðili beri sinn málskostnað af rekstri þeirra. Það leiðir af samkomulaginu að Fjarskipti hf. færði til baka 50 millj. kr. varúðarniðurfærslu vegna kröfu á félagið á fyrsta ársfjórðungi 2017.

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögmæts verðþrýstings og nemur stefnuþjárhæð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnuþjárhæð Símans hf. um 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn hafa skilað matsgerðum. Aðalmeðferð hefur ekki farið fram, en boðað hefur verið til þinghalds þar sem tekið verður fyrir hvort óskað verður ráðgjafandi álits frá EFTA dómstólum á afmörkuðum þáttum málsins.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. Og NOVA ehf.

Síminn hf. stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og Nova ehf. til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Fól ákvörðunin í sér að Fjarskiptum hf. og Nova ehf. er heimilt að samnýta tíðniheimildir sínar í nýju rekstarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014. Liggur ekki fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Önnur mál

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflak og lögbann sem Síminn fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28.apríl var lögbannið staðfest. Fjarskipti er að kynna sér forsendur dómsins og meta hvort honum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitur beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis. Hefur sú ákvörðun verið staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Póst- og fjarskiptastofnun ákvað að fresta frekari meðferð málsins meðan staðfestingarmál vegna lögbannsins er til úrlausnar fyrir dómstólum.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins umfram það sem að ofan greinir.